LISTIR

Gamlir félagar fara aftur á kreik

Grallararnir góðkunnu Hattur og Fattur mæta til leiks í splunkunýju og sprellfjörugu verki eftir Ólaf Hauk Símonarson sem nefnist *Hattur og Fattur og Sigga sjoppuræningi* og frumsýnt er í Möguleikhúsinu í dag kl. 17. Þeir Hattur og Fattur hafa í áranna rás verið afar vinsælir og birst í ýmsum útgáfum, bæði í sjónvarpi og bókum, á plötu og leiksviði, en fyrir fimm árum skemmtu þeir börnum í Loftkastalanum.

„Verkið sem við frumsýnum í dag er alveg nýtt enda vildum við ekki bara dusta rykið af einhverju gömlu efni. Okkur fannst meira spennandi að fást við nýtt leikrit og nýja söngva," segir Pétur Eggerz sem leikur Hatt. Að sögn Bjarna Ingvarssonar leikstjóra fannst þeim Möguleikhúsmönnum kominn tími til að setja upp verk um persónur sem flestallir þekkja. „Það er nefnilega skemmtilega öðruvísi að setja upp leiksýningar með þekktum persónum," segir Bjarni og bendir á að Möguleikhúsið hafi þónokkra reynslu á því sviði.

Sýningin um Hatt og Fatt er krydduð nýjum söngvum úr smiðju Ólafs Hauks. „Það lá auðvitað beint við að hafa ný sönglög vegna þess að Ólafur Haukur semur svo einstaklega skemmtileg lög, auk þess sem lögin bæta svo miklu við," segir Pétur. „Ólafur kann líka þá list að semja leikrit og skeyta lögum inn í textann þannig að lögin verði hluti af leikritinu," bætir Bjarni við. „Það hefði einfaldlega verið synd að setja upp barnaleikrit eftir hann án sönglaga, auk þess sem Hattur og Fattur eru náttúrlega þekktir fyrir að syngja," segir Pétur.

Spurðir hvort ekki megi búast við því að leikhúsgestir hafi einhverjar fyrirfram mótaðar hugmyndir um þessa þekktu félaga svara Bjarni og Pétur því neitandi. „Þeir Hattur og Fattur hafa í raun aldrei verið skilgreindir útlitslegr, líkt og persónur á borð við Línu Langsokk eða Einar Áskel," segir Pétur. „Enda lögðum við Helga Rún búningahönnuður mikla vinnu í það, ásamt Ólafi Hauki, að finna þeim rétt útlit sem orðið gæti klassískt," segir Bjarni.

Hvað innræti Hatts og Fatts varðar segir Bjarni alls ekki auðvelt að segja til um hvers konar persónur þetta eru, „því þeir eru svo mikil ólíkindatól." Pétur tekur undir með Bjarna. „Í grunninn eru þeir miklir trúðar. Enginn veit hvaðan þeir koma eða hvert þeir eru að fara. Þeir setja spurningarmerki við allt sem okkur finnst sjálfsagt og bregðast ekki við hlutum á hefðbundinn hátt," segir Pétur.



„Í grunninum eru þeir miklir trúðar. Enginn veit hvaðan þeir koma eða hvert þeir eru að fara. Þeir setja spurningarmerki við allt sem okkur finnst sjálfsagt og bregðast ekki við hlutum á hefðbundinn hátt," segir Pétur Eggerz um þá Hatt og Fatt. Pétur fer með hlutverk Hatts (t.h.) í sýningunni en Valur Freyr Einarsson leikur Fatt.

Góðlátlegt grín gert að nammiáti og gosdrykkju

Í þessu nýjasta verki um Hatt og Fatt greinir frá því er Hattur og Fattur hitta Siggu sjoppuræningja sem er forfallinn sælgætisgrís. Hún er á sífelldum flótta undan lögreglunni sökum þess að hún er alltaf að brjótast inn í sjoppu til að ná sér í gos og nammi. Í samskiptum sínum við Hatt og Fatt lærir hún að það getur haft alvarlegar afleiðingar að borða svona mikið nammi. Að sögn Bjarna ætti efni verksins að höfða sterkt til barna enda um ágætis áróður gegn sælgætisáti og gosdrykkju að ræða. „Þetta er samt góðlátlegt grín og þessi áróður er settur fram á farsakenndan hátt," segir Pétur. „Já, ádeilan er svona meira undirliggjandi," bætir Bjarni við. Að sögn Péturs hafa krakkar sem séð hafa sýninguna á æfingum í kjölfarið farið að velta fyrir sér hvort og hversu mikill sykur sé í hinum ýmsu matvælum. „Það er auðvitað bara af hinu góða ef krakkar fara að velta þessu fyrir sér, því það er verið að ota hreint ótrúlega miklu magni af sykri að krökkum nú til dags," segir Pétur. „Það er alltaf gott þegar börn er vakin til umhugsunar um mikilvæga hluti og jákvætt að þau finni hjá sér þörf til að spyrjast fyrir og leita sér upplýsinga," segir Bjarni og tekur fram að þó að leikritið hafi fræðslugildi sé því fyrst og fremst ætlað að hafa skemmtanagildi.

Líkt og aðrar sýningar Möguleikhússins er *Hattur og Fattur og Sigga sjoppuræningi* ferðavæn sýning. Að sögn Bjarna hafa grunnskólar þegar sett sig í samband við Möguleikhúsið til að fá sýninguna til sín, en sýningin er hugsuð fyrir börn frá leikskólaaldri og upp að tíu ára aldri. Allar nánari upplýsingar um sýninguna er hægt að nálgast á slóðinni www.moguleikhusid.is.



Morgunblaðið/Ómar

Mikið gengur á þegar Hattur (Pétur Eggerz) berst við Siggu í gervi ljóns (Alda Arnardóttir).

Hattur og Fattur og Sigga sjoppuræningi

eftir Ólaf Hauk Símonarson.

Leikstjóri: Bjarni Ingvarsson.
Búningar: Helga Rún Pálsdóttir.
Leikmynd og leikmunir: Bjarni Ingvarsson og Helga Rún Pálsdóttir.
Útsetning tónlistar: Jón Ólafsson.
Leikarar: Pétur Eggerz, Valur Freyr Einarsson og Alda Arnardóttir.

Fjölmargir viðburðir vegna sýningar Ólafs Elíassonar, Frostvirkni, í Listasafni Reykjavíkur

Eykur virkni safnsins

Listasafn Reykjavíkur hefur á síðustu vikum efnt til fjölmargra viðburða vegna sýningar Ólafs Elíassonar, Frost Activity eða Frostvirkni, í Listasafni Reykjavíkur í Hafnarhúsinu. Má þar nefna listasmiðjur og námskeið fyrir börn, fjölskyldur og fullorðna, fyrirlestra og síðast en ekki síst skipulagðar leiðsagnir fyrir almenning og nemendur á öllum aldri, allt frá leikskólastigi til háskólastigs. Í dag kl. 17 býður Listasafn Reykjavíkur til viðburðar en þá ræðast við Ólafur Elíasson og Daniel Birnbaum og fara yfir hugmyndir Ólafs, viðhorf hans og stöðu í listheiminum. Daniel Birnbaum hefur fylgst náið með ferli Ólafs og skrifað reglulega um hann á alþjóðlegum vettvangi. Birnbaum er menntaður heimspekingur en er nú m.a. rektor Ríkislistaháskólans í Frankfurt. Hann ritar einnig reglulega greinar í listatímaritið *Artforum*.

Að sögn Ólafar Kristínar Sigurðardóttur, deildarstjóra fræðsludeildar Listasafns Reykjavíkur, hefur þessari auknu þjónustu safnsins við sýningargesti verið vel tekið og þátttaka verið framar vonum. „Við höfum boðið upp á námskeið fyrir ólíka aldurshópa. Við vildum stilla því þannig upp að námskeiðin og listsmiðjurnar væru í beinum tengslum við sýninguna, þannig að það sem verið er að fást við á námskeiðunum styðji við viðfangsefni sýningarinnar, því hlutverk fræðslustarfsins er fyrst og fremst að auka virkni safnsins. Í listsmiðju fyrir börn á aldrinum annars vegar 6–9 ára og hins vegar 10–12 ára hefur þátttakendum gefist kostur á að fræðast um sjónskynið og blekkingar augans og fengið að búa til áhöld til að skapa blekkingu.



Ólafur Elíasson

Á unglinganámskeiðinu hafa þátttakendur verið að skoða ljósmyndir Ólafs sérstaklega og kannað hvernig nota megi ljósmyndir til að skrá raunveruleikann eða breyta sýn manns á hann. Í sérstakri listsmiðju fyrir alla fjölskylduna hefur börnum og fullorðnum gefist kostur á að eiga saman stund á safninu, skoða sýninguna með hjálp leikja og búa til áhöld til að skapa blekkingu."

Safn er ekki lokað skrín

Hvað fræðslustarf safnsins í heild sinni varðar segir Ólöf að áhersla sé lögð á að þjóna þremur mismunandi hópum. „Í fyrsta lagi þjónum við hinum ýmsu sérhópum á borð við skólahópa eða aðra hópa sem biðja sérstaklega um leiðsögn innan safnsins. Í öðru lagi þjónum við almennum safngestum, en á hverjum sunnudegi kl. 15 er almenningi boðið upp á ókeypis leiðsögn á Kjarvalsstöðum og í Hafnarhúsinu, en í tengslum við sýningu Ólafs höfum við bætt við leiðsögn kl. 13 á sunnudögum líka. Og í þriðja lagi höfum við viljað þjóna sérfræðingum og þeim sem hafa sérhæfðari áhuga á mynd- og bygginga-arlist, með því að bjóða upp á fyrirlestra og umræður sem virkað geta sem innlegg í menningarumræðuna í borginni. Sem dæmi um þetta má nefna spjall Birnbaums og Ólafs í dag, auk fyrirlestrar sem Gunnar J. Árnason listheimspekingur flutti í síðasta mánuði."

Að sögn Ólafar er fræðslustarf hjá söfnum, bæði hér heima og ekki síst erlendis, sífellt að aukast. „Sú hugmynd að safn sé lokað skrín sem ekki er ætlað nema fáum útvöldum er löngu orðin úreld. Gerðar eru sífellt meiri kröfur um upplýsingar og aðgang að þeim verkum sem verið er að sýna, eins og sést best á þeim góðu viðtökum sem námskeiðin og listsmiðjurnar hafa hlotið. Sú nýbreytni var tekin upp í tengslum við sýningu Ólafs að bjóða upp á þessi námskeið, en þau gera í raun kröfu um meiri ásetning og vilja til að fá upplýsingar en þegar safngestir koma á safnið og taka þátt í leiðsögn af því að það vill svo til að hún er í gangi. Við erum ánægð ef okkur tekst að koma til móts við safngesti, hvora leiðina sem þeir kjósa að fara.

Við þjónum líka stórum hópum skólanema og á Frostvirkni koma að meðaltali sex hópar á dag á öllum skólastigum og alls staðar að af landinu. Auk þess erum við með fast prógramm fyrir 4. bekk grunnskólans um Ásmund Sveinsson í Ásmundarsafni og fyrir 6. bekk um Kjarval á Kjarvalsstöðum, enda lítum við svo á að við höfum ákveðnar skyldur við þessa listamenn, enda eru verk Kjarvals og Ásmundar, auk verka Errós, uppistaðan í okkar safneign."



Morgunblaðið/Sverrir

Í listsmiðju fyrir börn fræðast þátttakendur m.a. um blekkingar augans.

Samkvæmt Ólöfu eru það starfandi myndlistarmenn, sem flestir hafa einnig lokið námi í uppeldis- og kennslufræðum eða numið listfræði og þekkja vel til myndlistarheimsins, sem sjá um fræðsluna í safninu. „Við leggjum áherslu á að leiðsögnin um safnið sé virk, þ.e. að safngestir taki virkan þátt í umræðum því allar manneskjur búa yfir þekkingu og reynslu sem gerir eitthvað fyrir verkin. Þótt hlutverk okkar sem önnumst leiðsögnina sé að kynna sýningarnar og verk þeirra listamanna sem eru til umfjöllunar hverju sinni þá er ekki eins og safngestir séu eins og tómar tunnur sem koma inn á söfnin til að láta alvitra fræðinga fylla sig af upplýsingum. Leiðsögn býður nefnilega upp á að fólk viðri upplifanir sínar og skoðanir á verkunum."

Þess má geta að sunnudaginn 28. mars nk. milli kl. 13 og 15 verður haldin listsmiðja fyrir alla fjölskylduna þar sem börn og fullorðnir geta átt saman stund í safninu, skoðað sýningu Ólafs og velt fyrir sér blekkingum augans. Skráning á námskeiðið er í Hafnarhúsinu, en auk þess er hægt að senda póst á netfangið fraedsludeild@reykjavik.is. Samtal Ólafs Elíassonar og Daniels Birnbaums í dag kl. 17 fer fram í fjölnotasal Listasafns Reykjavíkur í Hafnarhúsi.

Miðar eru seldir í afgreiðslu Hafnarhússins á vægu verði, en þess ber að geta að sætaframboð er takmarkað.